

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um átak til að auka hagkvæmni í innkaupum skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráð samþykkir í framhaldi af jákvæðum niðurstöðum útboðs á námsgögnum í grunnskólum borgarinnar að ráðast í átak til að auka hagkvæmni í innkaupum skóla- og frístundasviðs með áherslu á útboð og magninnkaup á helstu rekstrarvörum starfsstöðva sviðsins. Sviðsstjóra og fjármálastjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að leggja fram greiningu á helstu sóknarfærum á þessu sviði og hvernig megi nýta þau í samstarfi við innkaupadeild og eftir atvikum önnur fagsvið borgarinnar. Tillögur verði lagðar fram eigi síðar en 9. október 2018.

Greinargerð

Eftirfarandi yfirlit sýnir vöru og þjónustukaup eftir útgjaldaflokkum fyrir skóla- og frístundasvið sem greina mætti með tilliti til hagkvæmra innkaupa – í þús.kr.

	2016	2017
Samtals í þús.kr.	2.402.075	2.607.790
Hráefni fyrir mötuneyti	1.120.838	1.095.222
Keyptar veitingar, máltíðir og matarbakkar	259.486	404.389
Rafmagn	179.673	180.902
Hiti	187.801	166.428
Efni fyrir verklega kennslu (Handavinnu, föndur, elhús ofl)	106.816	112.037
Ritföng, pappír og aðrar skrifstofuvörur	61.835	68.057
Ræstingarvörur (húsnæði)	47.293	54.315
Kennsluefni, ýmiskonar	42.526	48.245
Rekstrarvörur vegna ljósritunar og prentunar	44.886	46.715
Hreinlætisvörur	52.694	46.242
Lausafjárkaup - tölvubúnaður	2.850	45.614
Viðhald skrifstofuvéla, áhalda og innanstokksmuna	43.667	37.350
Sorphirða og gámaþjónusta	35.009	36.672
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	19.375	25.308
Fargjöld starfsmanna	20.587	19.921
Sendibílar - vöruflutningar	16.047	17.315
Ýmsir smærri liðir	80.346	101.529

Jákvæður árangur í útboði á námsgögnum fyrir grunnskólanemendur hvetur til frekari rýni á tækifærum til hagkvæmra innkaupa í krafti stærðar Reykjavíkurborgar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rammasamninga um ritföng og tengdar vörur er 22%. Kostnaðaráætlun í útboði á námsgögnum gerði ráð fyrir tvöföldum rammasamningsafslætti eða 44% - Upphæðin í kostnaðaráætlun var 90 millj.kr. og verðlistaverð 150 millj.kr. Fjárheimildir voru 75 millj.kr. Tilboði frá A4 var tekið en það hljóðaði uppá 40millj. kr. – sem felur í sér 73% afslátt frá verðlistaverði. Niðurstaða útboðsins er er 35 millj.kr. undir fjárheimildum og 50 millj.kr undir kostnaðaráætlun

Í niðurstöðum starfshópa um hagkvæmni sameiginlegra innkaupa í krafti stærðar hafa tillögur um hagkvæmari innkaup verið reifaðar. Þær tillögur byggðu á því að farið væri í aðgerðir um hagkvæm innkaup á borgarvísu. Þetta var t.a.m. tillaga í Starfshóp um rekstrarkostnað sem var hluti af „Djúpgreiningu SFS 2016/2017“

Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs. Það þýðir t.d. að aðalskrifstofur þeirra sviða sem staðsett eru í Borgartúni 12 – 14 panta hver um sig rekstrarvörur fyrir sína starfsemi. Í þessu felst augljóst óhagræði, óþarfa akstur og umsýsla sem hægt væri að komast hjá með útboði fyrir Borgartún í heild – óháð sviðum. Sambærilega útfærslu mætti gera í ákv. borgarhverfum þar sem boðin væru út innkaup á rekstrarvörum fyrir starfsstaði sviðs/sviða. Í dag kaupir hver og einn starfsstaður inn vörur skv. rammasamningi með þeim afslætti sem þar býðst.

Viðræður hafa átt sér stað við velferðarsvið um að rýna sameiginleg tækifæri á hagkvæmum innkaupum og hefur því verið vel tekið að leita sameiginlegra leiða til að nýta þessi tækifæri. Stefnt er að samstarfi við velferðarsvið um þetta verkefni. Þau útgjöld sem verða rýnd nema allt að 4-5 ma.kr. hjá SFS og VEL samanlagt.

Eins og áður hefur komið fram eru sameiginleg innkaup fyrir Reykjavíkurborg í heild hagkvæmasti kostur. Skóla- og frístundasviðs og velferðarsvið leggja af stað í þetta verkefni í þeirri trú að fleiri svið geti og muni bætast við í kjölfarið.